

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/86
komudagur 28.10.2003

Lögfræðideild – ráðgjöf

Reykjavík 27. október 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingu, 89. mál.


Vísað er til bréfs nefndarinnar, dags. 15. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Landsbanki Íslands hf. tekur undir það sem fram kemur í athugasemdum við ofangreint lagafrumvarp, um að þær ráðstafanir sem gerðar voru í því skyni að efla lífeyrissparnað og skapa skilyrði fyrir aukinn þjóðfélagslegan sparnað, hafi náð markmiðum sínum og að sparnaður í formi lífeyrissparnaðar hafi náð góðri fótfestu hér á landi. Hins vegar telur Landsbankinn ekki tímabært að hætta þeim ráðstöfunum líkt og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Um 50% vinnandi manna nýta sér nú þann möguleika að greiða í viðbótarlífeyrissparnað og má m.a. þakka mótframlagi ríkis og launagreiðenda þeim góða árangri sem náðst hefur.

Landsbankinn lýsir því yfir vonbrigðum sínum með þá breytingu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir og leggur til að þeim breytingum verði frestað um ókominn tíma.

Virðingarfyllst,

F.h. Landsbanka Íslands hf.


Guðbjörg Bjarnadóttir hdl.

Landsbanki Íslands hf.

Kennitala: 550291-2159

Sími: 560 6830

Fax: 562 3908

Laugavegi 77
155 Reykjavík